

## REGLUGERÐ

um skiptingu veiðisvæða eftir veiðarfærum fyrir Suðvestur- og Vesturlandi.

### 1. gr.

Á tímabilinu 1. mars — 15. maí 1976 eru veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði er takmarkast af línu, sem dregin er réttvísandi suður frá Hafnarnesi að  $63^{\circ}32'0$  N. brd. þaðan réttvísandi vestur í punkt  $63^{\circ}32'0$  N og  $22^{\circ}00'0$  V, þaðan í réttvísandi suður í punkt  $63^{\circ}25'2$  N og  $22^{\circ}00'0$  V og þaðan í vestrátt að línu, sem dregin er í réttvísandi suðvestur og í 25 sjómílur frá Reykjanesaukavita.

Þó skal skipum heimilt að veiða á svæði, er takmarkast af lengdarbaugum  $21^{\circ}57'0$  V og  $22^{\circ}32'0$  V innan línu, sem dregin er milli þeirra þrjár sjómilur út frá ströndinni í samræmi við ákvæði laga um veiðar með botnvörpu og flotvörpu í fiskveiðilandhelginni.

### 2. gr.

Frá birtingu reglugerðar þessarar til 16. maí 1976 eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem markast af línu dreginni réttvísandi vestur frá Sandgerðisvíta í punkt  $64^{\circ}02'4$  N og  $23^{\circ}42'0$  V þaðan í réttvísandi norður í punkt  $64^{\circ}20'0$  N og  $23^{\circ}42'0$  V og þaðan í réttvísandi austur.

### 3. gr.

Á tímabilinu 16. febrúar — 15. apríl eru veiðar með botnvörpu og flotvörpu bannaðar á svæði, sem markast af línunum dregnum milli eftirgreindra punkta:

- |    |                    |                     |
|----|--------------------|---------------------|
| a. | $64^{\circ}51'5$ N | $24^{\circ}13'0$ V  |
| b. | $64^{\circ}47'5$ N | $24^{\circ}31'0$ V  |
| c. | $65^{\circ}10'0$ N | $24^{\circ}45'5$ V  |
| d. | $65^{\circ}10'0$ N | $24^{\circ}25'0$ V. |

### 4. gr.

Á eftirgreindum svæðum eru netaveiðar bannaðar allt árið:

- Í Faxaflóa innan línu, sem dregin er úr Þormóðsskeri í Gölt.
- Á Breiðafirði innan línu, sem dregin er úr Skor ( $65^{\circ}24'9$  N,  $23^{\circ}57'4$  V) um suðvesturhorn Selskers í Eyrarfjall við Grundarfjörð.

### 5. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni eða samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins.

## 6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni svo og samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 29. desember 1975.*

**Matthías Bjarnason.**

*Jón B. Jónasson.*